


- Lækkað raunverð raforku
- Verðum áfram í forystu
- Ljós í tilveruna
- Hátt í helmingslækkun á Rangárvöllum

# ORKAN

Fréttabréf Orkuveitu Reykjavíkur · I. tbl. 2007



## Lækkað raunverð raforku

Almennt raforkuverð frá Orkuveitu Reykjavíkur hefur lækkað um tæpan þriðjung að raunvirði síðasta áratuginn. Með aukinni eigin framleiðslu fyrirtækisins má búast við að sú þróun haldi áfram. Ef lítið er til þróunar byggingavísitölu síðasta áratuginn, eða frá janúar 2007, nemur raunlækkun rafmagnsins 31% og hitaveitueikningurinn hefur lækkað um 21% á sama tímabili. Línuritið hér að ofan sýnir byggingavísitöluna sem beina línu, þróun raforkuverðsins sem bláa línu og heita vatnsins sem rauða.

Algengt er að fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu verji um 100 þúsund krónum á ári í orkukaup og því nemur lækkunin tugum þúsunda á ári hverju. Ef miðað er við þróun launavísitölu á þessu árabili er lækkunin enn meiri eða 46% á rafmagn og 36% á hita. Það þýðir að það tekur launamanninn nærri helmingi styttri tíma að vinna fyrir rafmagnsreikningnum frá Orkuveitunni en fyrir áratug.

### Útlit fyrir áframhaldandi lækkun

Orkuveitan kaupir nú í heildsölu um 60% þess rafmagns sem fyrirtækið selur. Undanfarið hefur almennt útsöluverð raforku frá Orkuveitunni verið lægra en heildsöluverðið. Hefur það verið mögulegt vegna þess hve hagkvæm eigin framleiðsla fyrirtækisins er.

Nú í haust er ráðgert að taka í notkun 33 megavatta lágþrýstivél til rafmagnsframleiðslu í Hellisheiðarvirkjun. Nýja vélin mun endurnýta varmann sem þegar er notaður í þeim tveimur aflvélum sem þegar hafa verið settar upp í virkjuninni. Orkan frá vélinni mun alfarið fara á almennan markað og draga þar með úr þörf Orkuveitunnar til að kaupa rafmagn. Það mun stuðla að því að raunverð raforku til viðskiptavina Orkuveitu Reykjavíkur haldi áfram að lækka á næstu misserum og árum. Nýting jarðhitans á Hellisheiði mun aukast enn frekar árið 2009. Þá verður afgangsvarmi m.a. frá lágþrýstivélinni nýttur til framleiðslu á heitu vatni til húshitunar.



Á næstu dögum verður styrkjum úthlutað úr 100 milljóna króna Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur. Háskólaþólk hefur tekið sjóðnum mjög vel og bárust um 100 umsóknir um styrki úr sjóðnum. Með sjóðnum vill Orkuveitan tryggja sér aðgang að þekkingu fremstu vísindamanna og jafnframt gera umhverfis- og orkurannsóknir að spennandi valkosti fyrir unga vísindamenn.

Það var nýr stjórnarformaður Orkuveitunnar, Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og formaður umhverfisnefndar Alþingis, sem fór fyrir fríðum hópi við undirritun stofnskrár sjóðsins síðastliðið haust, en að henni komu allir rektorar háskólanna sjö á veitusvæði Orkuveitunnar auk Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra Orkuveitunnar.

#### Íslenska leiðin eftirsótt

„Sérstaða okkar Íslendinga felst í því að 72% af orku okkar eru endurnýjanleg á meðan hlutfallið er 5% annars staðar í heiminum, en helmingurinn af þessari endurnýjanlegu orku kemur frá Orkuveitunni,“ segir Guðlaugur Þór. Hann segir að þessi sérstaða Íslands bjóði upp á mikil tækifæri enda þurfi menn að fara hina „íslensku leið“ sé ætlunin að ná árangri í umhverfismálum í heiminum og vísar þá sérstaklega til loftslagsmálanna.

„Þess vegna horfa menn mikið til Íslands hvað þetta varðar og til Orkuveitunnar sem ég fullyrði að er meðal allra fremstu fyrirtækja á sínu sviði í heiminum. Það eru mörg verkefni sem eigendur Orkuveitunnar þurfa að taka afstöðu til á næstunni hvort þeir eiga að taka þátt í. Við stöndum frammi fyrir spennandi tækifærum fyrir starfsmenn á þessu sviði og þá sérstaklega fyrir unga Íslendinga sem vilja hasla sér völl í tæknigeiranum.“

## Verðum áfram í forystu



#### OR einbeiti sér að jarðvarmavirkjunum í framtíðinni

OR er þátttakandi í margs konar þróunarvinnu við að gera umhverfi okkar vistvænna og má þar nefna djúpbörunarverkefni með öðrum orkufyrirtækjum hér á landi og vísindastofnunum um allan heim, vettisvæðingu Íslands og rannsóknir á nýtingu vistvænna farartækja.

„Við erum að taka þátt í verkefnum með Kólumbíuháskóla í New York og Háskóla Íslands sem felst m.a. í því að leiða koltvísýring niður í jarðgrunninn. Þetta hefur vakið athygli um heim allan en segja má, að værum við að selja orku til framleiðenda og tækjum koltvísýringinn sem bærst frá honum og settum aftur niður í jörðina værum við komin með fullkominn hring ef þetta gengi allt saman upp,“ segir Guðlaugur Þór, en í framtíðinni er lögð áhersla á að OR einbeiti sér mest að jarðvarmavirkjunum, m.a. með það í huga að takmarka koltvísýring í andrúmslofti.


„Við höfum trú á íslenskum háskólum og því fólki sem þar starfar,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður OR og Umhverfis- og orkurannsóknasjóðs fyrirtækisins.

Undir lok síðasta árs var kynntur nýr valkostur í útilýsingu þar sem boðið er upp á heildarlausn í hönnun, uppsetningu, viðhaldi og fjármögnun. Markmið okkar er að koma til móts við þá aðila sem eru að skipuleggja og hanna nýbyggingar eða endurskipuleggja eldri svæði á dreifisvæðum OR.

Ljós gegnir mikilvægu hlutverki í lífi okkar allra. Með tilkomu götuly singlar snemma á síðustu öld varð bylting í umhverfi samfélagsins, öryggi íbúanna tók stakkaskiptum og jókst eftir því sem leið á öldina. Í dag er nánast óþekkt að umhverfi fyrirtækja og híbýla sé óupplýst enda sífellt meira lagt upp úr öryggi og þægindum.

### Ljós í tilveruna

Við hjá Orkuveitu Reykjavíkur viljum stuðla að fegurra og um leið notadrygra umhverfi. Þess vegna bjóðum við fyrirtækjum og sveitarfélögum nýja, hagkvæmari og fyrirhafnaminni leið til að setja upp útilýsingu. Við tökum jafnframt að okkur eftirlit og viðhald á búnaði. Á þennan hátt viljum við koma til móts við kröfur nútímans um bætt og fallelgra umhverfi og aukið öryggi í skammdeginu.



# Ljós í tilveruna

### Hönnun og framkvæmd

Verkfræðideild Orkuveitunnar sér um að hanna lýsinguna og skipuleggur hvernig skuli staðið að verki. Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur sér svo um að ná í allan nauðsynlega búnað, setur lýsinguna upp og annast eftirlit með og viðhald á búnaðinum. Ljósabúnaður endist mislengi og við viljum vekja sérstaka athygli á að umsamið viðhald nær ekki til endumýjunar á búnaði.

Margvíslegir möguleikar eru í boði varðandi tengingu og rekstur, t.d. er mögulegt að tengjast götuljósakerfi og njóta þannig kosta sjálfvirkar ljósastýringar, eða tengja inn á húskerfi og stýra ljósakerfinu sjálf/ur. Munurinn felst annars vegar í raforkuverði og hins vegar í viðhaldi, fyrir utan ljósastýringuna að sjálfsögðu.

### Lýsandi dæmi um góða samvinnu

Við hjá Orkuveitu Reykjavíkur viljum stuðla að fegurra og um leið notadrygra umhverfi. Í kjölfar útboðs var S. Guðjónsson valinn til samstarfs um ljósabúnað fyrir skraut- og flóðlýsingar. Um er að ræða vandaðan búnað frá þýska framleiðandanum WE-EF. Smith og Norland eru samstarfsaðilar um ljósabúnað fyrir hefðbundin ljósaker í svæðislýsingu en sá búnaður er frá SITECO. Skrautljósaker í svæðislýsingu eru frá Epal, framleidd af Louis Poulsen.





## Hitaveita í báðar áttir

Orkuveita Reykjavíkur stendur nú að lagningu hitaveituæðar í Stykkishólmi sem mun hvortveggja þjóna sem niðurrennsliæð og aðveituæð í viðlögum. Því mun vatn eiga eftir að renna um hana í báðar áttir, frá bænum og til hans.

Hitaveitan í Stykkishólmi hefur nú einungis eina borholu til að anna bænum. Það stýttist hinsvegar í að hún dugi ekki. Til að efla rekstraröryggi veitunnar og tryggja sjálfbærari nýtingu jarðhitasvæðisins var í það ráðist fyrir á árinu að kortleggja jarðhitasvæðið í Helgafellssveit. Við það fannst heppileg staðsetning fyrir holu sem hvortveggja þjónar sem niðurrennslishola til að tryggja lengri líftíma jarðhitans og sem vara- og toppafshola, sem t.d. má nýta í mestu kuldaköstum.



## Gagnaveita Reykjavíkur semur við Vodafone

Vodafone mun framvegis veita þjónustu fyrirtækisins við heimili yfir ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur. Vodafone er stærsti einstaki aðilinn sem samið hefur verið við um aðgang að ljósleiðaranetinu. Vodafone mun bjóða tengdum heimilum síma, internet og sjónvarpsþjónustu yfir netið en nú þegar veita Hive, Hringiðan, Samfélagið og FastTV þjónustu yfir ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur.

Nú um áramótin tók nýtt hlutfélag, Gagnaveita Reykjavíkur ehf., við rekstri ljósleiðaranetsins, sem Orkuveita Reykjavíkur hefur byggt upp síðustu ár. Gagnaveitan er að fullu í eigu Orkuveitunnar. Markmiðið með stofnun sérstaks fyrirtækis var að skerpa skilin á milli fjarskiptarekstursins og reksturs annarra veitna.



## Orkuveitan í nýársávarpi forseta Íslands

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson lét Orkuveitu Reykjavíkur að góðu getið í nýársávarpi sínu og þá sérstaklega hvað varðar framlag hennar til þróunar umhverfisvænnar orkuframleiðslu.

Forsetinn nefndi samkomulag Columbia háskóla og Háskóla Íslands um sjálfbæra þróun. „Þar ber hæst tilraunaverkefni íslenskra vísindamanna, Orkuveitu Reykjavíkur og öflugra háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum, um bindingu koltvísyrings til frambúðar í iðrum jarðar,“ sagði Ólafur Ragnar. Þetta verkefni stendur nú yfir á Helliheiðinni þar sem nemendur frá Columbia háskóla voru við sýnatökur nú í haust undir stjórn Einars Gunnlaugssonar, yfirmanns rannsókna hjá OR.

Forsetinn nefndi einnig áhuga m.a. Kínverja, Indverja og Rússa á samstarfi í orkumálum og rífaði upp að á dögnum „var í borginni Xian Yang hleypt vatni á nýja hitaveitu sem verður hin stærsta í veröldinni en Kínverjar leggja hana í samvinnu við íslensk fyrirtæki, Glitni og Orkuveitu Reykjavíkur.“



## Hátt í helmingslækkun á Rangárvöllum

Frá því að OR tók við rekstri Hitaveitu Rangæinga fyrir tveimur árum hefur gjaldskrá á heitu vatni til heimila á Helli, Hvolsvelli og í Ásahreppi lækkað um 26,5%. Þar sem almennar verðhækkningar á tímabilinu hafa verið 16,5%, nemur raunlækkunin um 43 prósentum.

Nú um áramótin voru tvö ár liðin frá því að Orkuveita Reykjavíkur keypti Hitaveitu Rangæinga af Ásahreppi, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra. Við þau tímamót var HR lögð niður og Orkuveitan tók alfarið við rekstri hennar. Um leið gekk í gildi síðasti áfangi umsamdra verðskrárlækkana til almennings.